

Stjórnarháttayfirlýsing 2019

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Íslandspóstis er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland með það að markmiði að styrkja innviði Íslandspóstis og auka gagnsæi.

Stjórnarháttayfirlýsing Íslandspóstis er aðgengileg á heimasíðu félagsins www.postur.is.

Lög og reglur

Íslandspóstur er í eigu íslenska ríkisins. Um starfsemi félagsins gilda lög um hlutafélög nr. 2/1995. Auk þess fylgir félagið öðrum lögum eftir því sem við á, s.s. lögum um póstpjónustu nr. 19/2002 og lögum um Póst og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Lögin má nálgast á vef Alþingis www.althingi.is.

Félaginu ber ekki lögum samkvæmt að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti en í störfum sínum hefur stjórn félagsins eigi að síður til hliðsjónar áður nefndar leiðbeiningar.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Einn hluthafi, íslenska ríkið, á alla hluti félagsins. Boðun á hluthafafund er send til tengiliðs í fjármálaráðuneytinu. Samskipti við hluthafa um málefni félagsins eru oftast að frumkvæði félagsins og hafa stjórnarformaður og forstjóri átt fundi með ráðherra eða fulltrúa hans. Stjórnin fylgir eigendastefnu ríkisins. Félagið sendir einnig út fréttatilkynningar sem upplýsa um afkomu félagsins og um önnur atriði í rekstrinum.

Stjórn Íslandspóstis

Í stjórn Íslandspóstis sitja fimm aðalmenn. Stjórnarmenn eru tilnefndir til stjórnarsetu af fjármálaráðherra. Auk þess eru skipaðir fimm varamenn. Kynjahlutfall í stjórn Íslandspóstis er 40% konur og 60% karlar.

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og skuldbindur félagið með ályktunum sínum og samningum. Stjórn getur tekið lán fyrir hönd félagsins og veðsett eða selt eignir þess.

Á árinu 2018 voru haldnir 15 stjórnarfundir. Allir fundir stjórnarinnar voru ákvörðunarbærir og á flestum fundum voru allir stjórnarmenn mættir. Fundir eru boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og er fundarboð sent með tölvupósti.

Stjórnarformaður stýrir fundum. Að jafnaði eru fundargerðir ritaðar af starfsmanni félagsins. Auk stjórnarmanna situr forstjóri stjórnarfundi.

Helstu hlutverk stjórnar:

- Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins, sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
- Að hafa samstarf við forstjóra um ráðningu annarra helstu starfsmanna félagsins.
- Að skera úr um ágreining sem upp kynni að koma milli forstjóra og annarra starfsmanna.
- Að ákveða hver eða hverjir skulu skuldbinda félagið.
- Að setja gjaldskrá fyrir félagið í samræmi við ákvæði laga um póstpjónustu og annarra lagaboða sem varða starfsemi félagsins.

Stjórn kýs árlega kjaranefnd sem hefur það hlutverk að útbúa tillögu að starfskjarastefnu sem lögð er fyrir aðalfund til samþykktar. Aðrar undirnefndir eru ekki starfandi undir stjórn félagsins.

Starfsreglur stjórnar

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur og eru gildandi starfsreglur frá 6. júní 2012. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins www.postur.is.

Stjórnarmenn Íslandspóstis

Allir stjórnarmenn teljast vera óháðir stjórnarmenn.

Bjarni Jónsson er formaður stjórnar, fæddur árið 1966. Hann er sagnfræðingur frá Háskóla Íslands og Msc. í fiskifræði frá Oregon State háskóla í Bandaríkjunum. Bjarni hefur setið í stjórn félagsins frá febrúar 2017. Hann situr einnig í ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er sveitarstjórnarmaður í Skagafirði. Bjarni starfar sem forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra. Hvorki Bjarni né tengdir aðilar eiga eignarhluti eða kauprétti í félaginu eða eiga hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa félagsins. Bjarni telur sig vera óháðan stjórnarmann.

Auður Björk Guðmundsdóttir er varaformaður stjórnar, fædd árið 1966. Hún er með MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík og B.A. próf í fjölmiðla og markaðsfræði frá University of South Alabama í Bandaríkjunum. Þá hefur hún lokið stjórnendanámi, Advanced Management Program (AMP) frá IESE viðskiptaháskólanum í Barcelona á Spáni. Auður starfar

sem framkvæmdastjóri hjá fjártæknifyrirtækinu Two Birds ehf. Hún er í stjórn Bresk-íslenska viðskiptaráðsins og varamaður í stjórn Rekstrarfélags Kringlunnar. Hvorki Auður né tengdir aðilar eiga eignarhluti eða kauprétti í félaginu né eiga hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa félagsins. Auður telur sig vera óháðan stjórnarmann.

Eiríkur Haukur Hauksson er fæddur árið 1973. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Eiríkur sat í stjórn félagsins frá árunum 2014 - 2017 og aftur frá ágúst 2018. Hann situr í stjórnnum Bjarnargerðis ehf. og KEA svf. Hann er fjármálastjóri hjá Búfesti hsf. Hvorki Eiríkur né tengdir aðilar eiga eignarhluti eða kauprétti í félaginu né eiga hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa félagsins. Eiríkur telur sig vera óháðan stjórnarmann.

Jónína Björk Óskarsdóttir er fædd árið 1953. Hún er forstöðumaður félagsstarfs aldraðra og varaþingmaður Flokks fólksins í Suðvesturkjördæmi. Jónína er gangfræðingur frá Gagnfræðiskóla Akureyrar. Hvorki Jónína né tengdir aðilar eiga eignarhluti eða kauprétti í félaginu né eiga hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa félagsins. Jónína telur sig vera óháðan stjórnarmann..

Thomas Möller er fæddur árið 1954. Hann er hagverkfræðingur frá Tækniháskólanum í Berlín og með MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík. Thomas hefur setið í stjórn félagsins frá febrúar 2017. Hann situr jafnframt í stjórn Reita fasteignafélags hf og Investis ehf þar sem hann er stjórnarmaður, ráðgjafi og meðeigandi. Hvorki Thomas né tengdir aðilar eiga eignarhlut eða kauprétti í félaginu né eiga hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa félagsins. Thomas telur sig vera óháðan stjórnarmann.

Forstjóri Íslandspósts

Forstjóri hefur með höndum yfirframkvæmdastjórn allrar daglegrar starfsemi skv. stefnu og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur nær ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrarleg og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Forstjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum og ber ábyrgð gagnvart stjórn á hinum daglega rekstri og að í öllu sé farið eftir samþykktum félagsins, lögum og reglum.

Núverandi forstjóri félagsins er Ingimundur Sigurpálsson, fæddur 1951. Ingimundur hefur starfað sem forstjóri Íslandspósts frá árinu 2004. Hann hefur áratuga reynslu úr atvinnulífínu bæði í opinbera- og einkageiranum. Ingimundur gegnir og hefur gegnt fjölmörgum félags-, trúnaðar- og stjórnunarstörfum og situr nú í stjórnnum ISAVIA ohf. sem formaður, ISNIC hf. sem formaður og Samskipta ehf. sem formaður. Ingimundur er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og stundaði framhaldsnám í hagrænni áætlanagerð og þróunarhagfræði við George Washington University í Washington D.C. árið 1980. Hvorki Ingimundur né tengdir aðilar eiga eignarhluti eða kauprétti í félaginu né eiga hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa félagsins.

Ársreikningar félagsins

Reikningsár Íslandspósts er almanaksárið. Ársreikninga félagsins er hægt að nálgast hjá Ársreikningaskrá sem og á heimasíðu félagsins www.postur.is.

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn hefur sett fram áhættustefnu félagsins og skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri. Helstu áhættur sem fylgja fjármálagerningum samstæðunnar eru lánsáhætta, lausafjáraáhætta og markaðsáhætta.

Lýsing hefur verið gerð á innri eftirlitsþáttum Íslandspósts fyrir tekjur, innkaup, verksamninga, innkaup vegna frímerkja, eignfærslur og launaliði.

Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Félagið hefur sett sér siðareglur, sem samþykktar voru 17. desember 2010, en á þeim hafa verið samþykktar breytingar 25. mars 2011, 27. júní 2014, 7. nóvember 2016 og 6. nóvember 2017. Ná þær til allra þátta í starfsemi félagsins og þar á meðal til stjórnar. Starfandi er siðanefnd skipuð af forstjóra. Siðareglurnar taka m.a. á viðskiptaháttum varðandi samskipti starfsmanna við viðskiptavini félagsins, s.s. varðandi boð á viðburði, gjafir og þess háttar.

Félagið setti sér jafnréttisáætlun árið 2010, sem var endurskoðuð 6. nóvember 2017 og 27. ágúst 2018. Starfandi er jafnréttisnefnd skipuð af forstjóra. Pósturinn hefur hlotið jafnlaunavottun 2018-2021 sem staðfestir að jafnlaunakerfi fyrirtækisins standist kröfur jafnlaunastaðals ÍST 85:2012. Vottunin er formleg staðfesting á því að Pósturinn hafi sett sér jafnlaunastefnu og að til staðar séu formlegar, skjalfestar verklagsreglur sem uppfylla kröfur um að málefnaleg og fagleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi við launaákvörðanir og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar við launaákvörðun feli ekki í sér mismunun eftir kynferði. Pósturinn hefur jafnframt fengið Jafnlaunamerki Velferðarráðuneytis.

Félagið hefur frá árinu 2009 tekið þátt í Global Compact verkefninu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Með þátttöku skuldbindur félagið sig til að hafa stefnu félagsins og starfshætti í samræmi við tíu alþjóðlega viðurkennd grundvallarréttindi er varða mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og spillingu. Hluti af þátttöku í Global Compact verkefninu er að skila árlega skýrslu um framgang verkefnisins. Félagið hefur skilað skýrslu fyrir árið 2017 sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins.

Árangursmat stjórnar

Stjórn hefur ekki framkvæmt formlegt árangursmat en fer þó árlega yfir verkefnalista stjórnar og metur eftirfylgni hans. Þannig samþykkt á fundi stjórnar Íslandspósts ohf. þann 29. apríl 2019.